

275. fundur

Föstudaginn 13. júlí 2018, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Margrét Gísladóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Ágúst Sigurður Óskarsson og Hálf dán Óskarsson sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni. Í síma voru Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Rögnvaldur Ólafsson. Ásta Björg Pálmadóttir boðaði forföll. Þá sátu fundinn Pálmi Vilhjálmsson og Ólafur Friðriksson sem ritaði fundargerð í forföllum Arnars Freys Einarssonar.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Skipan nýrrar nefndar.

Formaður bauð nýja verðlagsnefnd velkomna til starfa og kynntu fundarmenn sig að því búnu.

2. Verklagsreglur verðlagsnefndar.

Lögð voru fram drög að verklagsreglum verðlagsnefndar búvara sem höfðu verið til umfjöllunar hjá fyrri nefnd og var orðið efnislegt samkomulag um reglurnar, en þær höfðu ekki verið staðfestar á formlegum fundi. Umræða varð um drögin og ákveðið að taka þær aftur til umfjöllunar á næsta fundi.

3. Verðlagsgrundvöllur kúabús 1. mars og 1. júní 2018.

Fyrst var lagður fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2018. Grundvöllurinn hefur hækkað um 1,04% frá 1. desember 2017 og er heildarkostnaður nú alls kr. 36.818.280 en var kr. 36.438.653 í desember 2017. Tekjur grundvallarins eru kr. 27.556.517.

Þá var tekinn fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. júní 2018. Grundvöllurinn hefur hækkað um 2,51% frá 1. mars 2018 og er heildarkostnaður nú alls kr. 37.741.608 en var kr. 36.818.280 í mars 2018. Breyting gjaldaliðar frá 1. janúar 2017 er 2,13% (byggt á verðlagi í desember 2017) eða frá þeim tíma að síðast fór fram verðlagning í nefndinni. Tekjur grundvallarins eru kr. 27.556.517.

Að loknum ítarlegum umræðum voru báðir verðlagsgrundvellir staðfestir.

4. Beiðni SAM um endurskoðun heildsöluverðs og iðnaðarlíkan.

Lagt var fram erindi frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), dags 29. júní 2018. Í erindinu er óskað eftir að hámarksverð þeirra mjólkurvara, sem undir nefndina heyra, verði tekin til endurskoðunar og endurákvörðunar. Bent er á að síðasta ákvörðun verðlagsnefndar um heildsöluverð mjólkurvara hafi verið afgreidd á fundi 20. desember 2016, en gildistaka þeirra ákvarðana var frá 1. janúar 2017. Með bréfinu fylgdi yfirlit yfir gjaldaliði hjá mjólkursamlögum, frá desember 2016 – júní 2018, en þar kom fram að reiknuð hækkun á tímabilinu væri 6,55%. Ekki var tekin ákvörðun í málinu.

5. Vinnan framundan.

Rætt var um starfið framundan og mögulega fundartíma. Ekki var ákveðinn næsti fundur þar sem erfitt er að ná nefndarmönnum saman á þessum tíma árs.

6. Önnur mál.

Ekki komu fram önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

276. fundur

Miðvikudaginn 29. ágúst 2018, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Arnar Árnasson varamaður, Ásta Björg Pálmadóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Hálf dán Óskarsson sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni. Í síma var Ágúst Sigurður Óskarsson. Þá sátu fundinn Pálmi Vilhjálmsson og Arnar Freyr Einarsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir. Samþykkt.

2. **Beiðni SAM um endurskoðun heildsöluverðs.**

Lögð var fram greinargerð Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði með hækkunarkröfu vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkurvara, endurskoðaður ársreikningur MS fyrir árið 2017, óendurskoðað rekstraruppgjör frá janúar til júlí 2018 og viðmiðunarmodel verðlagsnefndar til mats á hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur. Áður hafði verið tekið fyrir erindi SAM þar sem óskað var eftir endurskoðun á heildsöluverði mjólkurvara sem undir nefndina heyra. Bent var á að tæpir 20 mánuðir hafa liðið síðan síðasta ákvörðun verðlagsnefndar um heildsöluverð mjólkurvara tók gildi, þann 1. janúar 2017. Reiknuð hækkunarkrafa viðmiðunarmódelisins nemur 7,14% frá desember 2016 til ágúst 2018, sem samsvarar um 3,5% verðhækkun á heildsölustigi án tillits til breytinga á lágmarksverði til bænda. Kemur fram í greinargerð að krafan sé í fullu samræmi við afkomu greinarinnar.

3. **Verðlagsgrundvöllur kúabús 1. september 2018.**

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. september 2018. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 1,44% frá 1. júní 2018. Hækkun gjaldaliða frá síðustu ákvörðun um lágmarksverð til bænda þann 1. janúar 2017, er 3,6%, byggt á verðlagi 1. desember 2016. Að loknum ítarlegum umræðum var verðlagsgrundvöllurinn staðfestur.

4. **Verðlagning**

Umræður um niðurstöður framlagðra gagna. Borin var fram tillaga um 3,6% hækkun á lágmarksverði til bænda og að vegið heildsöluverð mjólkurvara yrði hækkað um 5,3%, þó þannig að smjör yrði hækkað um 10% umfram aðrar vörur. Forsendur verðlagningar voru settar inn í model sem nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur frá því síðast var verðlagt. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 3,60% hækkun heildarkostnaðar frá 1. desember 2016 og reiknaða 7,14% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá desember 2016 til ágúst 2018.

Ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. september 2018 um 4,86%. Samfara því var tekin sérstök ákvörðun um 15% hækkun á smjöri, en heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabil. Vegin hækkun heildsöluverðs er því 5,30%.

Miðast heildsöluverðsákvörðun við 6,25% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur. Frá sama tíma hækkar lágmarksverð til bænda um 3,08 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 87,40 kr./ltr. í 90,48 kr./ltr. Hækkun lágmarksverðs til bænda nemur 3,52%. Nefndin samþykkti þessa niðurstöðu en annar fulltrúi félags- og jafnréttisráðherra, Ágúst Sigurður Óskarsson, greiddi atkvæði gegn henni.

5. **Verklagsreglur verðlagsnefndar.**

Dagskrárlið frestað. Verður tekið fyrir á næsta fundi.

6. **Önnur mál.**

Ekki komu fram önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson